

**Nd.**

## **628. Breytingartillögur**

við frv. til 1. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

1. Við 1. gr. Orðin „Árbær og“ i fjórðu línu falli niður.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er hljóði svo:

Flóagaflstorfan í Sandvíkurhreppi skal leggjast til Eyrarbakkahrepps.

3. Við 3. gr. Siðari málsgrein orðist svo:

Ölfushreppi og Hraungerðishreppi greiðir Selfosshreppur og fullar bætur fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin og lögð til hins nýja Selfosshrepps.

Á sama hátt greiðir Eyrarbakkahreppur Sandvíkurhreppi (hinum nýja) fullar bætur fyrir missi tekna af því landsvæði, sem frá Sandvíkurhreppi er tekið og lagt til Eyrarbakkahrepps.

4. Við 4. grein.

a. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Nú næst ekki samkomulag milli hreppsnefndar Selfosshrepps og hreppsnefndanna í Ölfushreppi og Hraungerðishreppi, eða milli hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi hinum nýja og hreppsnefndarinnar í Eyrarbakkahreppi um bætur þær, er í 3. gr. getur, eða önnur ákvæði, er skiptin varða, og skal þá leggja ágreininginn í gerð.

Skulu 5 menn skipa gerðardóminn. Þrjá þeirra kveður hæstiréttur og skipar einn þeirra formann dómsins, hreppsnefnd Selfosshrepps tilnefnir einn og hreppsnefndir hinna hreppanna, Ölfushrepps og Hraungerðishrepps, sinnmanninn hvor, eftir því sem þeir hreppar eiga hlut að gerðinni. Á sama hátt tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps sinnmanninn hvor í dóminn, að því er gerðin tekur til skipta þessara hreppa.

b. Fyrir „tvo menn“ í 2. málsgrein kemur: mann.

c. Aftan við greinina kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kostnað af gerðardóminum, að því er tekur til stækkunar Selfossbyggðar, greiðir Selfosshreppur eftir ákvörðun dómsins, þar með talin bóknun til fyrirsvarsmana málsaðila.

Á sama hátt greiðir Eyrarbakkahreppur kostnað af gerðardóminum að því er varðar skiptin milli Eyrarbakkahrepps og Sandvíkurhrepps hins nýja.

5. Við 5. gr. Fyrir „1946“ á tveim stöðum í greininni komi: 1947.